

## Fundargerð aðalfundar Straums sjóða hf.

Pann 9. ágúst 2016, kl. 16:00 var aðalfundur Straums sjóða hf. („félagið“) haldinn að Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Stjórnarformaður félagsins, Arna Grímsdóttir, setti fundinn og gerði tillögu um að hún yrði sjálf fundarstjóri. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Ómar Berg Rúnarsson sem fundarritara. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 100% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmetan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2015 lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skyldi ákveðið hvernig fara skyldi með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- 4) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
  - a. Tillaga um breytingu á heiti félagsins.
  - b. Tillaga um hækkun hlutafjár.
- 5) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 6) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 7) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
- 8) Önnur mál.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár kynnti fundarstjóri samantekt stjórnar um hlutafjäreign í félaginu og samstæðutengsl þess, sem lá frammi á fundinum í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár

Arna Grímsdóttir, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar. Hún ræddi um starfsemi félagsins á liðnu starfsári og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2015.

### 2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2015 lagður fram til staðfestingar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveðið hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur ársins 2015 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að tap ársins 2015 verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ársreikningur félagsins var samþykktur samhljóma. Einnig var samþykkt samhljóma að tap ársins 2015 yrði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.

**3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.**

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tillaga stjórnar er á þá leið að starfskjarastefna sem samþykkt var á aðalfundi 2015 haldist óbreytt fyrir næsta starfsár.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

**4. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.**

Eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins lágu fyrir fundinum:

**Breyting á heiti félagsins**

Stjórn leggur til að heiti félagsins verði framvegis Akta sjóðir hf. og að enskt aukaheiti þess verði Akta Capital Management hf. Ákvæði greinar 1.1. í samþykktum félagsins verði svohljóðandi:

*„Heiti félagsins er Akta sjóðir hf. Enskt aukaheiti félagsins er Akta Capital Management hf.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**Hækkun hlutfjár**

Stjórn leggur til að hlutfé félagsins verði hækkað úr 75 milljónum króna upp í 95 milljónir króna. Hluthafar skulu greiða fyrir nýtt hlutfé með reiðufé í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína og skal hlutfjárhækkunin framkvæmd á genginu 1,0. Ákvæði greinar 2.1. í samþykktunum verður svohljóðandi:

*„Heildarhlutfé félagsins er að nafnvirði 95.000.000 kr. – (níutíuogfimmilljónirkróna).“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**5. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.**

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum breytingum á samþykktum félagsins væri stjórn skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hygðust gefa kost á sér til setu í stjórn eða varastjórn skyldu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tveimur dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn félagsins:

- Arna Grímsdóttir
- Anna Rut Ágústsdóttir
- Agla Elísabet Hendriksdóttir

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn félagsins:

- Gunnar Örn Petersen
- Máni Atlason

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrest, væru þau Arna Grímsdóttir, Anna Rut Ágústsdóttir og Agla Elísabet Hendriksdóttir rétt kjörin í aðalstjórn félagsins, og þeir Gunnar Örn Petersen og Máni Atlason rétt kjörin í varastjórn félagsins, í þeirri röð sem að framan greinir, til næsta aðalfundar félagsins.